



# Sjálfsmatsskýrsla 2018

**Grunnskóli Húnaþings vestra**

---

grunnskoli@hunathing.is

2. október 2018

# EFNISYFIRLIT

Sjálfsmatsskýrsla 2018	3
Innra mat	3
Umbótaáætlun 2018	3
Gögn sem notuð voru við gerð skýrslunnar	5
Starfsmannasamtöl	5
Nemendasamtöl	5
Skólapúlsinn	5
Niðurstöður samræmdra prófa	5
Samantekt á gögnum skólans	9
Niðurstaða innra mats skólans	15

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2018

## Innra mat

Innra mat Grunnskóla Húnaþings vestra er skoðun á þeim könnunum sem skólinn hefur staðið fyrir undanfarin ár, niðurstöður úr starfsmannaviðtölum, skimunum og öðrum gögnum sem við eiga.

Í skýrslunni eru settir fram sex þættir sem unnið verður með í vetur til umbóta í skólasterfinu.

## Umbótaáætlun 2018

Líðan nemenda	Leið til sóknar	Mat á árangri	Ábyrgð
Vinsamlegt samfélag	Efla færni nemenda í samskiptum, ákvarðanatöku og byggja upp jákvæða sjálfsmynd með markvissum bekkjarfundum og halda áfram með forvarnir gegn einelti	Nemendakönnun, Skólapúlsinn	Kennarar
Skólavinur	Skapa skemmtilega og notalegt samveru og samkennd meðal yngri og eldri nemenda	Nemendakönnun	Kennarar og stjórnendur
Jákvæður skólabragur	Kynna skólareglur og viðurlög fyrir nemendum. Meta áhrif símabanns markvisst	Starfsmannasamtöl, nemendaráð, skólaráð	Stjórnendur

Lýðræði	Leið til sóknar	Mat á árangri	Ábyrgð
Jafnréttisáætlun hrint í framkvæmd	Endurskoða verkferla og upplýsingagjöf til nýrra starfsmanna	Starfsmannasamtöl	Trúnaðarmenn og stjórnendur
Efla nemendalýðræði	Fá tillögur nemenda um fyrirmyndarnemanda og fyrirmyndarstarfsmann. Halda áfram að þróa samtöl nemenda við stjórnendur í nemendaráði	Viðhorfskönnun	Stjórnendur

Starfsfólk	Leið til sóknar	Mat á árangri	Ábyrgð
Bæta móttöku nýrra starfsmanna	Endurskoða verkferla	Starfsmannasamtöl	Trúnaðarmenn og stjórnendur
Bæta upplýsingagjöf til starfsmanna	Sjá til þess að allir starfsmenn séu vel upplýstir um skólafarfið	Starfsmannasamtöl	Trúnaðarmenn og stjórnendur

Skólanámskrá	Leið til sóknar	Mat á árangri	Ábyrgð
Nýir kennsluhættir	Koma upp góðum verkefnabanka varðandi útikennslu, PALS og leiðsagnarmat	Starfsmannasamtöl, kannanir	Stjórnendur og kennarar
Foreldrasamstarf	Leið til sóknar	Mat á árangri	Ábyrgð
Styrkja samband skólans við foreldrasamfélagið	Styðja við starf foreldra um bekkjarskemmtanir og umsjónarkennara með fundum og samstarfi	Foreldrakönnun	Stjórnendur og kennarar
Viðmið um skólaforeldri	Vinna viðmið um hvað einkenni gott skólaforeldri.	Foreldrakönnun	Stjórnendur
Námsumhverfi	Leið til sóknar	Mat á árangri	Ábyrgð
Spjaldtölvuvæðing og tæknimál	Innkaup á fleiri snjalltækjum og nýting þeirra. Innleiðing google classroom í gegnum mentor	Starfsmannasamtöl og nemendasamtöl	Stjórnendur og kennarar

# GÖGN SEM NOTUÐ VORU VIÐ GERÐ SKÝRSLUNNAR

## Starfsmannasamtöl

Hefðbundin starfsmannasamtöl eru tvisvar á önn. Til undirbúnings samtalinu var undirbúningsblaði komið til starfsmanna þar sem m.a. koma fram atriði um starf og líðan. Tvö ár eru síðan ákveðið var að taka upp starfsmannasamtöl tvisvar á ári.

## Nemendasamtöl

Það hefur verið stefna skólans að auka nemendalýðræði og eru nemendasamtölin liður í þeirri viðleitni. Nemendasamtölin fara þannig fram að umsjónarkennari tekur þau einu sinni á önn og horfir mest á nám og líðan í þeim samtölum. Einnig eru reglulegir fundir í nemendaráði. Hver bekkur á einn fulltrúa nema 10. bekkur sem á tvo. Nemendaráð hefur unnið náið með stjórnendum að bættum aðbúnaði og skipulagi á skólastarfi, frímínútum og viðburðum.

## Skólapúlsinn

Grunnskóli Húnaþings vestra gerir könnun meðal allra nemenda sinna. Á síðasta ári bættist við könnun í 1. – 4. bekk um ánægju af lestri. Þetta er gert til þess að skoða ýmsa þætti í skólastarfinu og ráða í niðurstöður miðað við þróun í 2-4 ár eftir atvikum, um það hvað má gera betur og hvar þarf að leggja sérstaka rækt. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Ef svarhlutfall er lægra en 80% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda ekki tekin með í landsmeðaltalið.

## Niðurstöður samræmdra prófa

Rýnt er í niðurstöður samræmdra prófa þegar niðurstöður berast. Unnið er samkvæmt áætlun skólans um markvissa yfirferð samræmdra prófa:

## MARKVISS YFIRFERÐ SAMRÆMDRA PRÓFA

### Markmið

- ❖ Greina stöðu einstaka nemenda og leita leiða til að þjónusta þá betur.
- ❖ Greina mismæmi milli skólaeinkunna og samræmdra einkunna og kanna hvaða ástæður liggja þar að baki.
- ❖ Greina stöðu einstaka námsþátta í samræmdum greinum og marka leiðir til umbóta í áherslum í kennslu.
- ❖ Stuðla að faglegri umræðu um nám og kennslu í Grunnskóla Húnaþings vestra

### Framkvæmd:

**Einstaklingsmiðuð skoðun** (framkvæmd af kennara hvernar námsgreinar)  
Greinakennarar fara yfir stöðu einstaka nemenda og ákveða aðgerðir ef niðurstöður eru ekki til samræmis við væntingar eða getu.

- ❖ Er námsefni við hæfi?
- ❖ Voru dagsbundnir þættir sem höfðu áhrif á niðurstöðu?
- ❖ Einstaklingsnámskrá?

**Almenn skoðun** (framkvæmd á kennarafundi allra kennara sem kenna viðkomandi grein, 1. – 10. bekkur)

Skólastjóri leggur til lykiltölur úr samræmdum prófum til greinakennara sem fara sameiginlega yfir. Niðurstöður í heild skoðaðar og staða einstaka námsgreina og námsþátta við skólann.

Greinakennarar vinna effir neðangreindu skipulagi og kynna niðurstöður á almennum kennarafundi þar sem ákveðnar eru almennar aðgerðir í námi og kennslu

- ❖ Er niðurstaða heildarinnar ásættanleg?
  - Já, af hverju?
  - Nei, af hverju ?
    - Leiðir til úrbóta
- ❖ Staða einstaka námsþátta í skólanum.
  - Er einhver þáttur sérstaklega sterkur
    - Hvers vegna?
  - Er einhver þáttur sérstaklega veikur?
    - Leiðir til úrbóta
- ❖ Skólasaga einstaka nemenda sem koma illa út
  - Skoða framfarir
    - eru þær í samræmi við mat kennara?
  - Hvað hefur verið gert?
  - Hvað ætti að gera betur?
    - Leiðir til úrbóta
- ❖ Samanburður á skólaeinkunnum og samræmdum einkunnum
  - Er hann ásættanlegur?
    - Af hverju?
  - Of mikill, af hverju ?
    - Leiðir til úrbóta?

## Læsi

Skólinn kennir samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis og hefur verið um langt árabil í samstarfi við Háskólann á Akureyri vegna þess. Fram að þessu hafa Læsi-skimunarpróf verið hluti innra mats í yngstu bekkjunum en eftir að Menntamálastofnun bauð upp á Lesferil og lesskimun í 1. bekk hefur skólinn nýtt sér það. Þá hefur verið sett metnaðarfull lestrarstefna í samvinnu við skólana í Austur-Húnavatnssýslu og hana má nálgast á heimasíðu skólans. Til viðbótar haustið 2018 nýtir skólinn sér mat á orðleysulestri og sjónrænum orðaforða fyrir þá nemendur skólans sem ekki ná lágmarksviðmiðum í Lesferli.

## Orð á mínútu

Maíviðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

## Stærðfræðiskimun

Skimunarprófið Talnalykill er staðlað og töluverð reynsla komin á notkun þess og er það líklega eina tækið hérlendis þar sem skimunaraðferð hefur verið þróuð sérstaklega og eiginleikar hennar og árangur rannsakaðir. Talnalykill tekur ekki mið af ákveðnu námsefni í stærðfræði. Fjögur aðalmarkmið prófsins eru að gefa kost á

- Samanburði við aðra nemendur
- Samanburði á kunnáttusviðum við aðra nemendur
- Greiningu á sérstakri færni einstakr nemenda
- Leit að slökum nemendum.

Skólinn hefur í samvinnu við skólana í Austur-Húnavatnssýslu sett sér stærfræðistefnu sem tekur til kennslu, námsmats og aðgerðir fyrir þá nemendur sem ekki ná viðmiðum. Vandí við gerð þeirrar stefnu var að finna tæki og aðferðir til að styðja við þá nemendur sem ekki ná viðmiðum um hæfni. Stærðfræðispjall er það tæki sem er verið að innleiða í skólunum í kjölfar þessarar vinnu. Stefnan hefur ekki verið birt opinberlega en það stendur til haustið 2018. Viðmið stefnunnar eru:


- Heilstæð kennsluferli
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir
- Margvísleg námstækifæri
- Samfella í stærðfræðinámi frá 1. – 10. bekk
- Horfa á markmið – ekki binda sig við bækur
- Nýta samræður á grundvelli rannsókna nemenda í gegnum hlutbundna vinnu
- Skapa gleði og metnað
- Mæta nemendum þar sem þeir eru staddir
- Áhersla á skilning á hugtökum og lausnaleyðum



# SAMANTEKT Á GÖGNUM SKÓLANS


## Líðan nemenda

Samkvæmt Skólapúlsinum og eineltiskönnunum virðist sem nemendum skólans líði vel og sjálfsmýnd þeirra sé almennt sterk. Sjánlegar breytingar eru í mælingum til hins verra á milli hópa á síðasta skólaári þó líðan nemenda virðist vera stöðug og litlar breytingar árin þar á undan. Þessi niðurstaða er í samræmi við nemendasamtöl umsjónarkennara. Einnig er hægt að merkja aukningu á beiðnum til nemendaverndarráðs um aðstoð vegna líðan nemenda. Af þessum sökum var haustið 2018 boðið upp á aðstoð námsráðgjafa við skólann.



## Einelti

Samkvæmt Skólapúlsinum og eineltiskönnunum er skólasamfélaginu öllu að takast afar vel að vinna í forvörnum gegn einelti. Á undanföllum árum hefur eineltisstefna skólans verið tekin til gagngerar endurskoðunar með aðstoð Þorláks Helgasonar framkvæmdastjóra Olweusaráætlunarinnar á Íslandi. Eineltsteymi skólans fundar í hverri viku og fylgir eftir málum sem varða líðan og samskipti. Kafað er ofan í eineltiskannanir til að hafa virkt eftirlit með þessum þætti skólastarfsins. Haldnar eru fundargerðir og málum formlega lokið í fundargerð, hvort heldur sem er um minniháttar samskiptamál eða erfið eineltismál. Einelti meðal nemenda í Grunnskóla Húnaþings vestra er með því lágsta sem gerist á landsvísu. Á myndinni hér að neðan má sjá þróun eineltis í skólanum sem fer lækkandi miðað við landsmeðaltal.



## Staðblær skólans

Fátt er skólum mikilvægara en að staðblær skólans sé jákvæður og samskipti góð. Eitt helsta hlutverk skólans er að undirbúa nemendur undir virka þátttöku í framtíðarsamfélagi. Þegar nemendur ljúka námi eiga þeir að hafa tileinkað sér margvíslega hæfni sem talin er mikilvæg til að lifa og starfa í því samfélagi sem bíður þeirra. Í starfsmannasamtölum kemur einróma fram að samskipti séu góð og starfsandi jákvæður og gefandi. Kannanir meðal foreldra og nemenda styðja þessa niðurstöðu. Skólahúsnæðið er þröngt og nemendur þurfa að ganga yfir Hvammstangabraut til að fara í morgun- og hádegismat og svo fer tónmenntakennsla fram í kirkjunni. Vinna við framtíðarsýn skólahúsnæðis er lokið og byggingarnefnd að störfum til að undirbúa stækkun skólans.

## Lýðræði

Leiðarljós í jafnréttisáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra er að styrkja jákvæða kynímynd og varast það að líta svo á að allir séu eins. Allt starf í skólanum á að taka mið af viðhorfum til jafnréttis og stuðla að jákvæðu viðhorfi til allra starfa. Stefnt er að því að viðhalda góðum starfsanda og nemendur og starfsfólk sé laust við fordóma. Skólinn vill vera til fyrirmyndar á sviðum jafnréttis og nýta þau tækifæri sem nýtast í jafnréttisáætlun skólans. Endurskoðun áætlunarinnar lýkur í október 2018 og verður þá birt á heimasíðu skólans. Stefnumið jafnréttisáætlunar eru:


- Við röðun í námshópa skal leitast við að hafa sem jafnast hlutfall drengja og stúlkna í hverjum námshópi.
- Kynjaskipt skal í íþróttum á unglingsstigi.
- Námsframboð og viðfangsefni skulu höfðað til beggja kynja og gæta skal jafnréttis í kynbundnu námsframboði.
- Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir.
- Markvisst skal unnið gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja.
- Gæta skal jafnréttis í öllu starfi skólans.
- Kynferðisleg áreitni og einelti verða ekki liðin.

## Samræming starfs og einkalífs

Reynt er eftir fremsta megni að koma til móts við starfsmenn um sveigjanleika í störfum þar sem kostur er þannig að bæði karlar og konur geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Gildir það jafnt um bæði kynin og alla starfsmenn hvaða starfi sem þeir sinna. Allir starfsmenn geta komið skoðunum sínum á framfæri bæði við skólastjórnendur og á fundum.

## Stuðningur við nemendur og kennara

Samkvæmt skólapúlsinum og starfsmannasamtölum veitir skólinn mikinn og góðan stuðning við nemendur og starfsfólk vegna náms- og hegðunarerfiðleika nemenda. Í samanburði við fjölda stuðningsúrræða og fjármagn til stuðnings getur skólinn stoltur þakkað mikla velvild og skilning sveitarstjórnar á mikilvægi þessa málaflokks. Myndin hér að neðan sýnir skoðun starfsmanna skólans á stuðningi vegna hegðunar- og námsvanda innan skólans.



## Virkt nemendalýðræði

Nemendaráð fundar reglulega með skólastjórnendum, 2-4 sinnum í mánuði. Þar hafa nemendur virkt tækifæri til að móta skólastarfið og skipulag, t.d. í frímínútum. Til að efla nemendalýðræðið enn frekar verður farið í þá vinnu skólaárið 2018-2019 að nemendur og starfsfólk vinni lýsingu á fyrirmyndar nemenda og fyrirmyndar starfsmanni. Það er gert til þess að auka vitund allra um mikilvægi framkomu, iðjusemi og skyldur þeirra sem nema og starfa við skólann.

## Nám og kennsla

Í foreldrakönnun skólans 2015-2016 kom fram nokkur ónægja foreldra með nám og kennslu í skólanum. Þegar opin svör voru greind kom greinilega fram að óánægjan snérist fyrst og fremst að aðbúnaði í skólanum eftir flutning frá Laugarbakka. Foreldrar lýstu óánægju sinni með aðstöðu fyrir matsal, list- og verkgreinakennslu og sérstaklega að ekki væri kennd heimilsfræði. Þá kom fram að foreldrar telja að námsefni sé ekki nógu krefjandi fyrir nemendur. Við þessum atugasemdum hefur verið brugðist og á þessu skólaári verður ný foreldrakönnun framkvæmd til að skoða hvernig foreldrar meta stöðu skólans í námi og kennslu.

Markviss og metnaðarfull vinna hefur farið fram af hálfu starfsmanna skólans við endurskoðun á skólanámskrá, námsmati og starfsaðferðum. Vinnunni er ekki lokið en öll verkefni sem snúa að endurskoðun eru á áætlun. Sérstaklega skal nefna vinnu tengda námsmati nýrrar aðalnámskrár en skólinn nýtur leiðsagnar Ingvars Sigurgeirssonar prófessors við Háskóla Íslands við innleiðingu þess. Vinna sem hefur verið unnin undanfarin ár við bætingu náms, kennslu og kennsluumhverfis:

- Læsisstefna – lokið.
- Nýtt námsmat – leiðsagnarmat – lýkur vor 2019.
- Stærðfræðistefna – lýkur október 2018.
- Innleiðing nýrrar aðalnámskrár – lýkur haust 2018 með námskeiðum á nýju vefkerfi mentors og tenginu við Google classroom.
- Heimilsfræðistofa – lokið.
- Vinna hafin við undirbúning viðbyggingu skólans.
- Innleiðing persónuverndarlaga – lokið.

## Starfsmenn

Í drögum að starfsmannastefnu Grunnskóla Húnaþings vestra er stuðst við starfsmannastefnu Húnaþings vestra, en hún er mjög almenn og bíður endurskoðunar. Helstu markmið í drögum að starfsmannastefnu skólans eru:

- Tileinka sér stefnu og gildi Grunnskóla Húnaþings vestra
- Benda á leiðir til að bæta líðan, samskipti og vinnuumhverfi í skólanum.
- Sýna hvort öðru umurðarlyndi og tillitsemi.

- Virða trúnað við nemendur og samstarfsmenn.
- Vera vakandi fyrir nýjum sóknarfærum, taka áskorunum og finna nýja lausnir.
- Gæta jafnréttis meðal einstaklinga.
- Leiðbeina, hrósa og hvetja fyrir góðan árangur og ræða það sem betur má fara.
- Ná árangri í starfi.
- Líða hvorki einelti né kynferðislega áreitni.
- Skapa góð vinnuskilyrði og tækifæri til að þroskast í starfi.
- Samræma kröfur starfs- og einkalífs eins og kostur er.
- Starfsumhverfið sé öruggt og heilsusamlegt.

Skólinn stendur sig verst í því að taka á móti nýjum starfmönnum, hugsanlega vegna þess að starfsmannavelta hefur verið mjög lítil. Gera þarf móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn og ákveða verkferla til að kynna nýjum starfsmönnum vinnufélagana og skráðar og óskráðar reglur sem eru á vinnstaðnum. Hugmyndir að úrbótum:

- Laus störf eru auglýst og skila þarf undirritaðri heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá með umsókn.
- Þegar gengið er frá ráðningu nýs starfsmanns fær hann í hendur bækling með helstu upplýsingum um þætti í almennri starfsemi skólans. Einnig fær hann starfslýsingu ásamt skipuriti. Starfsmaður fær svo leiðsögn um húsnæði skólans og honum sagt frá því hvaða starfsemi er á hverjum stað.
- Þegar starfsmaður hefur störf í skólanum er honum skipaður tengiliður sem hann getur leitað til með sín mál.
- Nýr starfsmaður er kynntur á vinnustaðafundi og hann boðinn velkominn. Hann er einnig kynntur með mynd á upplýsingaskjá skólans og á heimasíðu.
- Skólastjórnendur ræði við hann um ýmislegt sem viðkemur vinnustaðnum fyrsta starfsdaginn. Rætt sé við starfsmanninn eftir viku í starfi og svo aftur eftir mánuð.
- Starfsmaður fái lykil hjá umsjónarmanni skólamannvirkja og kvitti fyrir honum.
- Starfsmaður fái tölvuaðgang og upplýsingar um farveg upplýsingastreymis.

# NIÐURSTAÐA INNRA MATS SKÓLANS

## Matsferli og matsgögn

Áhersluþættir í matferli skólans eru líðan, samskipti og ýmsir þættir sem snúa almennt að skólastarfi. Teknar hafa verið saman niðurstöður úr vefkönnunum, starfsmannaviðtölum, Olweusaráætluninni, námsmati, og út frá þeim unnin samantekt til þess að efla og bæta skólastarfið. Í starfsmannaviðtölum er áherslan á líðan, gengi í starfi, starfsandann og veikar og sterkar hliðar skólans, stjórnenda og búnaðar við skólann.

Nemendur, kennarar og foreldrar svara könnunum um líðan, samskipti og þáttum sem lúta almennt að skólastarfinu. Þessar kannanir hafa gefið okkur góðar upplýsingar og sterkar vísbendingar um það sem er gott og má betur fara. Skólastjóri dregur þessa þætti saman til þess að vinna markvisst með niðurstöðu þeirra.

## Sjálfsmatsáætlun

Þriggja ára sjálfsmatsáætlun og skorkort eru vegvísar í innra mati skólans til að meta alla þætti skólastarfsins. Eftirtöldum matsþáttum er ætlað að vinna að, yfirfara og skila:

- Sjálfsmatsáætlun (til þriggja ára og endurskoðuð árlega).
- Sjálfsmatsskýrsla (greining á styrkleikum og veikleikum og samantekt á því hvernig hægt sé að bregðast við því sem þarf að bæta. 3. hvert ár).
- Samantekt úr nemendakönnunum og úrbætur (árlega).
- Samantekt úr Olweusarkönnunum og úrbætur (árlega).
- Samantekt á foreldrakönnunum og úrbætur (árlega).
- Samantekt á starfsmannakönnunum og úrbætur (2. - 3. hvert ár).
- Samantekt úr starfsmannaviðtölum við kennara og leiðir til úrbóta (árlega).
- Yfirfara skorkort skólans, samantekt á því sem nú þegar hefur unnist út frá þeim úrbótum sem þarf að gera (árlega).

Næstu þrjú ár fara í þá vinnu að safna gögnum til að draga saman um þróun ofangreindra þátta í skólastarfinu.

**Niðurstaða**

Í þessari samantekt á gögnum skólans er heildarniðurstaðan afar jákvæð fyrir skólann. Skólinn er vel mannaður af fólki sem sýnir starfi sínu áhuga, öflugur nemendahópur og meðbyr foreldra og samfélagsins er ómetanlegur. Það sem skólinn þarf að vinna að til að gera betur er komið í vinnuferli og í flestum tilfellum liggja fyrir drög að skipulagi eða tillögur. Nýjar kannanir eftir síðustu sjálfsmatsáætlun verða notaðar til að skoða hvernig til hefur tekist er varðar þá sex þætti sem settir eru fram í upphafi skýrslunnar og niðurstöður úr hverri könnun vera birtar á heimasíðu skólans.

Sigurður Þór Ágústsson

Skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra